

Fundargerð 105. fundar.

105. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn í fundarsal heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann, kl. 13.15 og 14.30 þann 15. maí 2014.

Fundinn sátu Guðmundur H. Einarsson, Árný Sigurðardóttir, Þorsteinn Narfason, Kristín Lóa Ólafsdóttir og Páll Stefánsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Endurskoðun heilbrigðissamþykktar fyrir vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Framkvæmdastjórnin hélt áfram vinnu við endurskoðun samþykktar nr. 636/1997 um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins.

Atriði í fyrirbyggjandi drögum að nýrri heilbrigðissamþykkt voru rædd.

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur var falið að taka inn breytingar í drögin að nýrri samþykkt sem voru gerðar á fundinum og senda stýrihóp um endurskoðun svæðaskipulags höfuðborgarsvæðisins sem tillögu framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins

Fundi var slitið kl. 14.30